

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 73/2018

2020/EES/6/39

frá 23. mars 2018

um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1231 frá 6. júní 2017 um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1153 um aðferð til að ákvarða nauðsynlegar fylgnibreytur til að endurspegla breytinguna á lögbundnu prófunaraðferðinni til skýringar á þáttum er varða málsmeðferð og um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 1014/2010 ⁽¹⁾.
- 2) XX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

1. gr.

Eftirfarandi er bætt við lið 21a (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1153) í XX. viðauka við EES-samninginn:

„, eins og henni var breytt með:

- **32017 R 1231:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1231 frá 6. júní 2017 (Stjtið. ESB L 177, 8.7.2017, bls. 11).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2017/1231, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 24. mars 2018, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi farið fram (*), eða á gildistökudegi ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 71/2018 frá 23. mars 2018 (2), eftir því hvort dagsetningin er síðar.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild Stjórnartíðinda Evrópusambandsins og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 23. mars 2018.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Claude Maerten

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 177, 8.7.2017, bls. 11.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

(2) Stjtið. ESB L 26, 30.01.2020, bls. 69, og EES-viðbætur nr. 6, 30.01.2020, bls. 60.